

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1196**

2017/EES/48/05

frá 20. júlí 2016

um breytingu á viðaukunum við ákvörðun 2007/275/EB um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB*(tilkynnt með númeri C(2016) 4494 (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 4. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ⁽³⁾ er kveðið á um að þau dýr og þær afurðir sem skráð eru í I. viðauka við hana skuli sæta heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöðvum á landamærum í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB (hér á eftir nefnt heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum). Í ákvörðun 2007/275/EB er einnig kveðið á um undanþágu frá slíku heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum að því er varðar tilteknar samsettar afurðir og matvælin sem skráð eru í II. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Í skránni, sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB, eru tilgreind dýr og afurðir í samræmi við sameinuðu nafnaskrána, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽⁴⁾. Lögþær yfirvöld aðildarríkjanna nota þessa skrá sem fyrsta þrep við val á vörusendingum sem skulu sæta heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum.
- 3) SN-númerin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2658/87, hafa verið uppfærð nokkrum sinnum síðan ákvörðun 2007/275/EB var samþykkt og mælt er fyrir um nýjustu breytingarnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1754 ⁽⁵⁾. Þar eð nokkrar breytingar hafa verið gerðar á SN-númerum fyrir afurðir úr dýraríkinu ætti að uppfæra skrána, sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB, til að taka tillit til þessara breytinga.
- 4) Í nokkrum SN-vörulíðum og SN-númerum, sem skráð eru í I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB, eru afurðir úr dýraríkinu einungis lítil hluta þeirra vara sem falla undir viðkomandi SN-vörulíð eða SN-númer. Í slíkum tilvikum vísar 3. dálkur ofangreindrar skrár til viðeigandi heilbrigðislöggjafar Sambandsins um dýr og dýraafurðir og veitir upplýsingar um þau dýr og þær afurðir sem skulu sæta heilbrigðiseftirliti. Að teknu tilliti til iðorðanotkunar og tilvísana í annarri heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir ætti að uppfæra þessar tilvísanir í ákvörðun 2007/275/EB svo þær séu í samræmi við gildandi heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir.
- 5) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins ætti að uppfæra skrána, sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB, til að taka tillit til breytinga sem gerðar voru á SN-númerum og á heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir. Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 197, 22.7.2016, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2017 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjttíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjttíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1754 frá 6. október 2015 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjttíð. ESB L 285, 30.10.2015, bls. 1).

- 6) Samsettu afurðirnar og matvælin, sem skráð eru í II. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB, eiga ekki að sæta heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum. Þau ættu því að vera auðþekkjanleg og verða að vera tengd SN-númerum sínum. Það að auki ætti að fella brott tilteknar samsettar afurðir og matvæli úr skránni sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB. Því ætti að breyta þeirri skrá til samræmis við það.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2007/275/EB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum við ákvörðun 2007/275/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2017.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað töflunnar í 2. KAFLA komi eftirfarandi:

„SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
020500	Kjöt af hrossum, ösnum, múlösum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0206	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínnum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allir. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0207	Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst.	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer. Þetta nær yfir annað hráefni til framleiðslu gelatíns eða kollagens til manneðis. Nær yfir allt kjöt og æta hluta af dýrum í eftirfarandi undirlitum: 020810 (af kanínum eða hérnum) 02083000 (af prímtötum) 020840 (af hvölum, höfrungum og hnísum (spendýrum af tegundinni <i>Cetacea</i>); af sækúm (manati og dugong) (spendýrum af tegundinni <i>Sirenia</i>); af selum, sæljönnum og rostungum (spendýrum af undirættbálknum Pinnipedia)) 02085000 (af skriðdýrum, þar með talið snákar og skjaldbökur) 02086000 (af úlföldum og öðrum dýrum af úlfaldaætt (spendýr af ættinni Camelidae)) 020890 (annað: af alidúfum, af veiðidýrum öðrum en kanínum eða hérnum): nær yfir kjöt af kornhænum, hreindýrum og öllum öðrum spendýrum. Nær yfir froskalappir með SN-númerið 02089070.

„SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0209	Svínaflita, án magurs kjöts, og alifuglafita, ekki brædd eða úrdregin á annan hátt, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt.	Öll, nær yfir bæði fitu og unna fitu eins og lýst er í 2. dálki, jafnvel þótt hún henti einungis til notkunar í iðnaði (óhæf til manneldis).
0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fín malað, úr kjöti eða hlutum af dýrum.	Allt, nær yfir kjöt, kjötafurðir og aðrar afurðir úr dýraríkinu. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer. Nær yfir unnið dýrapróttín og þurrkuð svínseyru til manneldis. Jafnvel þótt slík þurrkuð svínseyru séu notuð sem fóður kemur skýrt fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1125/2006 (*) að þau mega falla undir nr. 02109949. Þurrkaðir hlutar af dýrum og svínseyru sem eru ekki hæf til manneldis falla undir nr. 05119985. Bein til manneldis falla undir nr. 0506. Pylsur falla undir nr. 1601. Kjarnar og safar úr kjöti falla undir nr. 1603. Hamsar falla undir nr. 2301.“

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1125/2006 frá 21. júlí 2006 um flokkun á tilteknum vörum í sameinuðu nafnaskránni (Stjórið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 3).

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 5. KAFLA:

i. Í stað færslunnar fyrir nr. 0506 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„0506	Bein og hornsló, óunnið, fitusneytt, lauslega forunnið (en ekki tilskorið), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt; duft og úrgangur úr þessum vörum.	Nær yfir bein sem eru notuð sem nagbein og bein til að framleiða gelatín eða kollagen ef þau eru fengin úr skrokkum sem hefur verið slátrað til manneldis. Beinamjöl til manneldis fellur undir nr. 0410. Mælt er fyrir um sértækar kröfur fyrir slíkar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis í 6. línu (veiðiminjagripir), 11. línu (bein og beinaafurðir (að undanskildu beinamjöli), horn og hornaafurðir (að undanskildu hornamjöli) og hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) sem eru ætluð til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætur og í 12. línu (nagbein) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.“

ii. Í stað færslunnar fyrir SN-númer 05080000 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 05080000	Kórallar og áþekk efni, óunnið eða lauslega forunnið en ekki frekar unnið; skeljar lindýra, krabbadýra eða skrápdýra og kolkrabbabein, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið, duft og úrgangur úr þessum vörum.	Tómar skeljar til notkunar í matvæli og sem hráefni í glúkósamín. Þar undir falla að auki skeljar, þ.m.t. kolkrabbabein, sem innihalda mjúkvefi og kjöt, eins og um getur í i. lið k-liðar 10.gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

iii. Í stað færslunnar fyrir vöruliðinn úr 0511 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„úr 0511	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafla, óhæf til manneldis.	Allt, nær yfir undirliði 051110–051199. Nær yfir erfðafni (sæði og fósturvísar úr dýrum, s.s. nautgripum, sauðfé, geitfé, hrossum og svínum) og aukaafurðir úr dýrum, efni í 1. og 2. flokki eins og um getur í 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Eftirfarandi eru dæmi um dýraafurðir sem falla undir undirliði 051110–051199: 05111000 (nautgripasæði) 05111000 (vörur úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum): allt, nær yfir frjóvguð hrogn, dauð dýr, aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri og í lyf og aðrar tæknilegar afurðir. Nær yfir dauð dýr sem um getur í 3. kafla, óæt eða flokkuð sem óhæf til manneldis, t.d. halaflær, sem eru kallaðar vatnaflær, og aðra skelkrabba eða spaðfætlur, þurrkaða, til fóðrunar búrfiska; nær yfir beitu fyrir fiska. Úr 05119910 (sinar; afklippur og áþekkur úrgangur úr ónunnum húðum og skinum). Heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum er nauðsynlegt fyrir húðir og skinn sem eru ekki meðhöndluð eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Úr 05119931 (óunnir svampar úr dýraríkinu): allir ef þeir eru ætlaðir til manneldis, ef ekki til manneldis þá einungis þeir sem eru ætlaðir í gæludýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna annarrar neyslu en til manneldis í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		<p>Úr 05119939 (svampar úr dýraríkinu, aðrir en óunnir): allir ef þeir eru ætlaðir til manneldis, ef ekki til manneldis þá einungis þeir sem eru ætlaðir í gæludýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna annarrar neyslu en til manneldis í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.</p> <p>05119985 (aðrar dýraafurðir, ót.a.; dauð dýr í 1. kafla, óhæf til manneldis): öll: þetta númer nær yfir fósturvísu, eggfrumur, sæði og erfðæfni, sem ekki fellur undir nr. 051110, og úr öðrum tegundum en nautgripum. Nær yfir aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri eða á öðrum tæknilegum vörum.</p> <p>Nær yfir ómeðhöndlað hrosshár, býræktarafurðir, að undanskildu vaxi til notkunar í býrækt eða til tæknilegra nota, hvalaraf til tæknilegra nota, dauð dýr sem um getur í 1. kafla sem eru óæt eða ekki ætluð til manneldis (t.d. hundar, kettir, skordýr), efni úr dýrum þar sem mikilvægum eiginleikum hefur ekki verið breytt, og ætt dýrablóð þó ekki úr fiski, til manneldis.“</p>

c) Eftirfarandi 6. KAFLI bætist við:

„6. KAFLI

Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir sveppþræði í mylta úr dauðhreinsuðum húsdýraáburði.

Útdráttur úr skýringunum við samræmda flokkunarkerfið

06029010 Sveppþræðir:

Sveppþræðir er heiti yfir net af fíngerðum þráðum (Thallus eða Mycelium), sem finnast oft undir yfirborði jarðar, sem lifa og vaxa á yfirborði dýra- eða plöntuefnis sem er að brotna niður og þróast í vefjunum sjálfum og framleiða sveppi.

Undirliðurinn nær einnig yfir afurð sem samanstendur af sveppþráðum, ekki fullþroskuðum, sem eru settir í smásæjum skömmtum á lag af korni í mylta úr dauðhreinsuðu hrossataði (blanda af hálmi og hrossataði).

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 06029010	Sveppþræðir	Einungis ef þeir innihalda unninn húsdýraáburð úr dýraríkinu og sértækar reglur eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.“

d) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á fyrirsögninni í 12. KAFLA:

„Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fôður“

e) Ákvæðum 15. KAFLA er breytt sem hér segir:

i. Í „almennum athugasemdum“ í þættinum með fyrirsögninni „Útdráttur úr skýringum við samræmda flokkunarkerfið“ bætist eftirfarandi málsgreinar við:

„Nr. **1518** nær yfir blöndur eða framleiðslu, ekki til mannelis, úr feiti eða olíum dýra- eða jurtaríkisins eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þess kafla, ót. a.

Þessi hluti nær m.a. yfir notaða djúpsteikingarolíu sem inniheldur t.d. repjuolíu, sojabaunaolíu og lítið magn dýrafitu, til notkunar við framleiðslu á fôðri.“

ii. Töflunni er breytt sem hér segir:

— í stað færslunnar fyrir SN-númer 150500 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„150500	Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (þar með talið lanólín).	Öll, ullarfeiti sem er flutt inn sem brædd fita, eins og sett er fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eða lanólín sem er flutt inn sem millistigsafurð eins og sett er fram í XII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2001.“

— Í stað færslanna fyrir SN-númer 15180095 og 15180099 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 15180095	Blöndur eða framleiðsla, ekki til mannelis, úr feiti eða olíum dýra- eða jurtaríkisins og þáttum þeirra.	Einungis blöndur úr fitu og olíu, brædd fita og afleiður úr dýrum; þ.m.t. notuð olía til matargerðar, sem ætluð eru til notkunar undir gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Fituafleiður sem eru framleiddar með aðferð sem lýst er í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
Úr 15180099	Annað	Einungis ef það inniheldur feiti úr dýrum.“

f) Í stað færslanna fyrir SN-númer 160300 og fyrir nr. 1604 og 1605 í töflunni í 16. KAFLA komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„160300	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.	Allt, nær yfir kjötkraft og kjötþykki, nær yfir prótínhlaup úr fiski, einnig kælt eða fryst, nær yfir hákarlabrjósk.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 1604	Fiskur, unninn eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra:	<p>Allt, soðnir eða forsoðnir tilbúnir réttir sem innihalda eða eru blandaðir með fiski eða fiskafurðum. Nær yfir súrímí undir SN-númeri 16042005.</p> <p>Nær yfir niðursoðinn fisk og niðursoðinn kavía í loftþéttum flátum og einnig yfir sushí (að því tilskildu að það eigi ekki að flokkast undir SN-númer sem um getur í 19. kafla).</p> <p>Pasta fyllt með fiskafurðum telst til nr. 1902.</p> <p>Svokallaðir fiskpinnar (hrár fiskur eða hráar rækjur með grænmeti, þrætt upp á trépinna) flokkast undir SN-númer 16041997.</p> <p>Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.</p>
Úr 1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingar, unnin eða varin skemmdum.	<p>Allt, þ.m.t. sniglar, fullunnir eða unnir að hluta. Nær yfir niðursoðin krabbadýr eða aðra vatnahryggleysingja sem og duft úr kræklingum.</p> <p>Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“</p>

g) Í stað færslunnar fyrir SN-númer 17021100 í töflunni í 17. KAFLA komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi.	<p>Tilbúið hunang, laktósi, blöndur úr náttúrulegu og tilbúnu hunangi og blöndur sem innihalda laktósa.</p> <p>Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“</p>

h) Eftirfarandi 18. KAFLI bætist við:

„18. KAFLI

Kakaó og framleiðsla úr kakaói

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir dýraafurðir og samsettar afurðir sem innihalda unnar dýraafurðir.

Athugasemdir við 18. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni (SN) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87)

Til þessa kafla telst ekki framleiðsla í nr. 0403, 1901, 1904, 1905, 2105, 2202, 2208, 3003 eða 3004.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 1806	Súkkulaði eða önnur tilreidd matvæli sem innihalda kakaó.	Innihalda afurðir úr dýraríkinu, t.d. mjólkurafurðir. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“

i) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 19. KAFLA:

i. Í stað færslunnar fyrir nr. 1901 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót.a.	Einungis þau sem innihalda minna en 20% af afurðum úr dýraríkinu, nær yfir barnamat að stofni til úr mjólk, nær yfir óeldaðar pítsur (pizza) með áleggi úr dýraríkinu. Tilbúnir réttir teljast til 16. og 21. kafla. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“

ii. Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni fyrir SN-númer úr 190240 og á undan færslunni fyrir SN-númer úr 19049010:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 19041010	Önnur matvæli úr belgdum eða steiktum maís.	Einungis þau sem innihalda minna en 20% af afurðum úr dýraríkinu, t.d. þau sem um getur í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 443/2013 (*) og falla undir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í samræmi við c-lið 4. gr. þessarar ákvörðunar.“

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 443/2013 frá 7. maí 2013 um flokkun á tilefnum vörum í sameinuðu nafnaskránni (Stjtíð. ESB L 130, 15.5.2013, bls. 17).

iii. Í stað færslunnar fyrir vöruliðinn úr 1905 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 1905	Sætabrauð.	Nær yfir framleiðslu sem inniheldur minna en 20% af kjöti eða öðrum dýraafurðum, t.d.: úr 19053291: vöflur eða kexþynnur fylltar með kjöti eða osti (t.d.: burek), úr 19053299: vöflur eða kexþynnur fylltar með öðrum dýraafurðum en kjöti eða osti, úr 190590: forelduð eða elduð pítsa (pizza) eða baka fyllt með dýraafurðum eða með áleggi úr dýraafurðum, úr 19059090: ef ekki stöðug við geymslu. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“

j) Ákvæðum 21. KAFLA er breytt sem hér segir:

i. Í „athugasemdum við 21. kafla“ bætast við eftirfarandi viðbótarathugasemdir:

„Viðbótarathugasemdir

....

5. Önnur tilreidd matvæli sem koma í afmældum skömmtum, s.s. hylki, töflur, brjóstsykur og pillur, og sem eru ætluð til notkunar sem fæðubótarefni skulu flokkast undir nr. 2106, nema þau séu talin annars staðar.“

ii. Töflunni er breytt sem hér segir:

— Í stað færslunnar fyrir vöruliðinn úr 2104 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett tilreidd matvæli.	Nær yfir framleiðslu sem inniheldur dýraafurðir, þ.m.t. barnamatúr í umbúðum með innihaldi að nettóþyngd ekki meira en 250 g. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“

— í stað færslanna fyrir SN-númer úr 21069092 og úr 21069098 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 21069092	Önnur matvæli ót.a., sem innihalda enga mjólkurfitu, súkrósa, ísóglúkósa, glúkósa eða sterkju eða innihalda minna en 1,5% mjólkurfitu, 5% súkrósa eða ísóglúkósa, 5% glúkósa eða sterkju, miðað við þyngd.	Nær yfir tilreidd matvæli (t.d. fæðubótarefni), sem innihalda dýraafurðir, t.d. mysupróteínangur, kondróítín, glúkósamín, kítósan, kalsíumkarbónat, gerilsneydda, saltaða fljótandi eggjarauðu, dýraolíur (t.d. fisklýsi í hylkjum), með eða án annarra efna. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 21069098	Önnur tilreidd matvæli, ót.a.	Nær yfir tilreidd matvæli (t.d.: fæðubótarefni, ostafondú), sem innihalda dýraafurðir, t.d. kondrótín, glúkósamín, dýraolíur (t.d. fisklýsi í hylkjum). Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“

k) Í stað færslunnar fyrir SN-númer úr 220290 í töflunni í 22. KAFLA komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 22029091	Aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda minna en 0,2% fitu, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404.	Nær yfir óáfengar drykkjarvörur sem innihalda unnar dýraafurðir, t.d. jógúrtdrykki með kornflögum, kaffi eða súkkulaðidrykki. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.
Úr 22029095	Aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda 0,2% eða meira af fitu en minna en 2%, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404.	Nær yfir óáfengar drykkjarvörur sem innihalda unnar dýraafurðir, t.d. jógúrtdrykki með kornflögum, kaffi eða súkkulaðidrykki. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.
Úr 22029099	Aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda 2% eða meira af fitu, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404.	Nær yfir óáfengar drykkjarvörur sem innihalda unnar dýraafurðir, t.d. jógúrtdrykki með kornflögum, kaffi eða súkkulaðidrykki. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.
Úr 220870	Líkjörar og áfengisblöndur (cordials)	Líkjörar, þ.m.t. brenndir drykkir, úr ýrulausnum úr brenndum drykk með dýraafurðum, t.d. eggjarauðu eða rjóma. Varðandi samsettar afurðir sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar.“

l) Í stað færslunnar fyrir vöruliðið úr 2309 í töflunni í 23. KAFLA komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 2309	Framleiðsla til dýraeldis.	<p>Öll, ef hún inniheldur afurðir úr dýraríkinu, þó ekki undirliðir 23099020 og 23099091.</p> <p>Nær m.a. yfir hunda- og kattafóður í smásöluumbúðum (undirliður 230910) sem inniheldur dýraafurðir og leysanleg efni úr fiski eða sjávarspendýrum (SN-númer 23099010). Vörur til notkunar í dýrafóður, þ.m.t. mjölblöndur (s.s. úr hófum og klaufum og hornum).</p> <p>Til þessa númers telst mjólk í fljótandi formi, broddur og afurðir sem innihalda mjólkurafurðir, brodd eða kolvetni, ekkert af því hæft til mannelis heldur til fóðrunar dýra.</p> <p>Nær yfir gæludýrafóður, nagbein og blöndur af mjöli, blöndur geta innihaldið dauð skordýr.</p> <p>Sértækar kröfur er varða gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein, eru settar fram í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.</p> <p>Nær yfir eggjaafurðir, ekki til mannelis, og aðrar unnar afurðir úr dýraríkinu, ekki til mannelis.</p> <p>Sértækar kröfur er varða eggjaafurðir eru settar fram í 9. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.“</p>

m) Í stað færslunnar fyrir SN-númer úr 29329900 í töflunni í 29. KAFLA komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 292249	Aðrar amínósýrur, aðrar en þær sem eru með fleiri en eina tegund súrefnisvirkni, og afleiður þeirra; sölt þeirra.	Einungis hráefni úr dýraríkinu sem er notað í fæðubótarefni eða í fóður.
Úr 29252900	Imín og afleiður þeirra, þó ekki klórdímeform (ISO); sölt þeirra.	Kreatín úr dýraríkinu.
Úr 2930	Lífræn brennisteinssambönd:	Tilteknar amínósýrur úr dýraríkinu: úr 29309013 systeín og systín, úr 29309016 afleiður systeíns eða systíns.
Úr 29329900	Heterohringliða sambönd einungis með súrefnisheterofrumeindum.	Einungis úr dýraríkinu, t.d. glúkósamín, glúkósamín-6-fosfat og súlföt þeirra.
Úr 29420000	Önnur lífræn efnasambönd	Einungis úr dýraríkinu.“

n) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 30. KAFLA:

i. Í stað færslunnar fyrir SN-númer 30019091 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 30019091	Efni úr dýrum, unnin til nota við lækningar eða til varnar sjúkdómum: heparín og sölt þess.	Allar dýraafurðir sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í samræmi við 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, svo þær fylgi skilgreiningum sem settar eru fram í a- til f-lið 33. gr. sömu reglugerðar.“

ii. Í stað færslunnar fyrir SN-númer úr 30021099 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 30021098	Aðrir blóðþættir og ónæmisfræðilegar vörur, einnig breyttar eða fengnar með líftæknifræðilegum aðferðum.	Eingöngu efni sem fæst úr dýrum.“

o) Í stað færslunnar fyrir SN-númer úr 31010000 í töflunni í 31. KAFLA komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 31010000	Áburður úr dýra- eða jurtaríkinu, einnig blandaður saman eða kemískt unninn; áburður framleiddur með blöndun eða kemískri vinnslu afurða úr dýra- eða jurtaríkinu.	Einungis afurðir úr dýrum í óblönduðu formi. Nær yfir gúaná, að undanskildu steingerðu gúaná. Nær yfir húsdýraáburð sem er blandaður unnu dýraprótni, ef hann er notaður sem áburður; en blöndur af húsdýraáburði og efnablöndum sem eru nýttar sem áburður eru undanskildar (sjá nr. 3105 sem nær einungis yfir áburð, úr steinaríkinu eða kemískan). Sértækar kröfur er varða húsdýraáburð, unninn húsdýraáburð eða unnar afurðir úr húsdýraáburði eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
Úr 31051000	Vörur í þessum kafla í töflum eða áþekku formi eða í umbúðum sem eru ekki yfir 10 kg að þyngd.	Einungis áburður sem inniheldur afurðir sem eru unnar úr dýrum. Sértækar kröfur er varða húsdýraáburð, unninn húsdýraáburð eða unnar afurðir úr húsdýraáburði eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.“

p) Eftirfarandi 32. og 33. KAFLI bætist við:

„32. KAFLI

Sútnar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifulitir (pigment) og önnur litarefni; málning og lökk; kítí og önnur þéttiefni; blek

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 3204	Syntetísk lífræn litunarefni, einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr syntetísku lífrænu litunarefni; syntetísk lífræn efni til nota sem flúrbirtugjafi eða ljóm, einnig kemískt skýrgreind.	Einungis litunardreifilausnir að stofni til úr mjólkurfitu, notaðar við matvæla- eða fódurframleiðslu.

33. KAFLI

Rokkjarnar olíur og resinóíð; snyrti- eða hreinlætisvörur

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 3302	Blöndur af ilmandi efnum og blöndum (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginstofni úr einu eða fleiri þessara efna, til nota sem hráefni til iðnaðar; önnur framleiðsla að stofni til úr ilmandi efnum, til nota við framleiðslu á drykkjarvörum:	Einungis bragðefni að stofni til úr mjólkurfitu, notuð til matvæla- eða fódurframleiðslu.“

q) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 35. KAFLA:

i. Í stað færslunnar fyrir SN-númer úr 350300 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„350300	Gelatín (þar með talið gelatín í réttmyndum [þar með talið ferningslaga] þynnum, einnig yfirborðsunnið eða litað) og gelatínafléiður, fiskilím; annað lím úr dýraríkinu, þó ekki kaseínlím í nr. 3501.	Nær yfir gelatín til manneldis og fyrir matvælaíðnaðinn. Gelatín í nr. 3913 (hert prótín) og í 9602 (unnin, óhert gelatín og vörur úr óhertu gelatíni), t.d. tómir belgir, ef það er ekki ætlað í matvæli eða dýrafóður, er undanskilið heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum. Sértækar kröfur er varða gelatín og vatnsrofið prótín, ekki til manneldis, eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og fyrir ljósmyndunargelatín í 11. þætti II. kafla XIV. viðauka við sömu reglugerð.“

ii. Eftirfarandi færsla bætist við:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 35079090	Önnur ensím en ostahleypir og kirmi þess eða fitukljúfur fitupróteína eða basískur prótínkljúfur úr Aspergillus.	Einungis úr dýraríkinu og notuð í matvælaíðnaði, t.d. pepsín eða ensím með 45% laktósainnihald.“

r) Ákvæðum 38. KAFLA er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi athugasemdir bætist við á eftir númerinu og á undan töflunni:

„Athugasemdir við 38. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni (SN) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2658/87)

4. Hvarvetna í tollskránni er með „sorpi bæjar- og sveitarfélaga“ átt við sorp sem safnað er frá heimilum, hótélum, veitingastofum, spítölum, verslunum, skrifstofum, o.þ.h., uppsóp frá götum og gangstéttum, og einnig úrgang frá byggingarstarfsemi og niðurbroti. Í sorpi bæjar- og sveitarfélaga er venjulega fjölbreytt efni svo sem plast, gúmmí, timbur, pappír, spunavörur, gler, málmar, fæðuefni, skemmd húsgögn og aðrir skemmdir eða yfirgefnir hlutir. ...“

ii. Töflunni er breytt sem hér segir:

— Í stað færslanna fyrir SN-númer 38220000 og úr 38251000 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 38220000	Prófefni á grunni til greininga eða fyrir rannsóknastofur, unnin prófefni til greininga eða fyrir rannsóknastofur, einnig á grunni, þó ekki þau sem eru í nr. 3002 eða 3006; staðfest viðmiðunarefni.	Einungis fengið úr dýraafurðum, að undanskildum lækningatækjum eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/42/EBE (*) og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB (**).
Úr 38251000	Sorp bæjar- og sveitarfélaga	Einungis eldhússúrgangur sem inniheldur dýraafurðir, ef hann fellur undir gildissvið g-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að undanskildum eldhússúrgangi sem kemur beint frá flutningatækjum, sem eru starfrækt alþjóðlega, og er fargað í samræmi við d-lið 12. gr. sömu reglugerðar. Notuð olía til matargerðar sem ætluð er til notkunar innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, t.d. fyrir lífrænan áburð eða lífgas, getur fallið undir þetta SN-númer.“

(*) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjttíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjttíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

— Færslan fyrir SN-númer 382600 falli brott.

s) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 39. KAFLA:

i. Í stað færslunnar fyrir SN-númer úr 39139000 komi eftirfarandi:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 39139000	Aðrar náttúrlegar fjölliður (að algínsýru, söltum hennar og estrum undanteknum) og umbreyttar náttúrlegar fjölliður (t.d. hert próteín, kemískar afleiður náttúrlegs gúmmís), ót.a., í frumgerðum.	Einungis fengið úr dýraafurðum, t.d. kondrótínsúlfat, kítósan, hert gelatín.“

ii. Eftirfarandi færslur bætast við:

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
„Úr 39269092	Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914 úr þynnum.	Tóm hylki úr hertu gelatíni í dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
Úr 39269097	Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914 úr öðru en þynnum.	Tóm hylki úr hertu gelatíni í dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.“

t) Eftirfarandi 71. KAFLI bætist við á eftir 67. KAFLA:

„71. KAFLI

Náttúrlegar eða ræktaðar perlur, eðalsteinar eða hálféðalsteinar, góðmálmar, málmar klæddir góðmálmi, og vörur úr þessum efnum; glysvarningur; mynt

Álit 7101.21/1 varðandi flokkun í samræmda flokkunarkerfið Ostrur sem eru óhæfar til manneldis, innihalda eina eða fleiri ræktaðar perlur, eru varðar skemmdum með saltlegi og eru í loftþéttum málmumbúðum.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 71012100	Óunnar ræktaðar perlur	Þar með talið ostrur sem eru óhæfar til manneldis, innihalda eina eða fleiri ræktaðar perlur, eru rotvarðar í saltlegi eða með öðrum aðferðum, pakkað í loftþéttum málmumbúðir. Óunnar ræktaðar perlur, eins og sett er fram í 2. þætti IV. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, nema þær falli ekki undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og kveðið er á um í f-lið 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.“

u) Eftirfarandi 96. KAFLI bætist við á eftir 95. KAFLA:

„96. KAFLI

Ýmsar framleiðsluvörur

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 96020000	Unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín sem telst til nr. 3503) og vörur úr óhertu gelatíni.	Tóm hylki úr óhertu gelatíni í matvæli eða dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 varðandi dýrafóður.“

v. Í stað 99. KAFLA komi eftirfarandi:

„99. KAFLI

Sérstök númer í sameinaðri nafnaskrá

Undirkafla II

Tölfræðileg númer fyrir tiltekna tilgreinda vöruflutninga

Almennar athugasemdir

Þessi kafla nær yfir dýr, matvæli úr dýraríkinu, samsettar afurðir og aukaafurðir úr dýrum sem eru upprunnar í þriðju löndum og afhentar á skip og loftför innan Evrópusambandsins samkvæmt tollumflutningsferli (T1). Undanþága frá lýðheilsuskilyrðum Evrópusambandsins vegna innflutnings gildir fyrir matvæli úr dýraríkinu og samsettar afurðir sem eru afhentar á skip í samræmi við 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, með eða án bráðabirgðageymslu á viðurkenndum frísvæðum, frígeymslum eða tollvörugeymslum.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
Úr 99302400	Vörur úr 1.–24. kafla í sameinuðu nafnaskránni sem eru afhentar til skipa og loftfara.	Matvæli úr dýraríkinu, þ.m.t. samsettar afurðir, sem ætlaðar eru sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í 12. og 13. gr. tilskipunar 97/78/EB.
Úr 99309900	Vörur, sem flokkaðar eru annars staðar, afhentar í sjó- og loftför.	Matvæli úr dýraríkinu, þ.m.t. samsettar afurðir, sem ætlaðar eru sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í 12. og 13. gr. tilskipunar 97/78/EB.“

2) Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

Skrá yfir samsettar afurðir og matvæli sem falla ekki undir heilbrigðiseftirlit með dýraafurðum eins og um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar

Í þessari skrá eru tilgreindar samsettar afurðir og matvæli samkvæmt vöruflokkunarkerfinu, sem notað er í Sambandinu, sem þurfa ekki að sæta heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum á skoðunarstöðvum á landamærum

Athugasemdir í tengslum við töflu:

1. dálkur — SN-númer

Í þessum dálki kemur fram SN-númerið. Sameiginlega nafnaskráin (hér á eftir nefnd SN-skráin), sem komið var á fót með reglugerð (EBE) nr. 2658/87, byggist á hinni alþjóðlegu samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrá (hér á eftir nefnd ST-skráin) sem tollasamvinnuráðið, nú Alþjóðatollastofnunin, samþykkti með alþjóðasamningnum sem var gerður í Brussel 14. júní 1983 og samþykktur fyrir hönd Efnahagsbandalags Evrópu með ákvörðun 87/369/EBE (hér á eftir nefndur ST-samningurinn). Í SN-skránni eru notaðir sex tölustafa vöruliðir og undirliðir ST-skrárinnar og sjöunda og áttunda tölustafnum einungis bætt við til að búa til frekari undirliði sem eru einstakir fyrir hana.

Ef notaður er fjögurra tölustafa kóði: ef annað er ekki tekið fram er ekki krafist að allar samsettar afurðir og matvæli sem hafa þennan fjögurra tölustafa kóða sem forskeyti eða sem falla undir þessa fjóra tölustafi, sæti heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum á skoðunarstöð á landamærum.

Ef einungis tiltekna tilgreindar afurðir, sem falla undir einhvern fjögurra, sex eða átta tölustafa kóða, innihalda dýraafurðir og engin sérstök skipting samkvæmt þessum kóða er til í sameiginlegu nafnaskránni, er kóðinn merktur með „úr“ (t.d. **úr 20019065**: heilbrigðiseftirlits með dýraafurðum er ekki krafist fyrir afurðir sem tilgreindar eru í 2. dálki).

2. dálkur — Skýring

Í þessum dálki eru veittar upplýsingar um samsettar afurðir og matvæli sem falla undir undanþágur frá heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum á skoðunarstöðum á landamærum. Þegar þörf krefur verða opinberir dýralæknar á skoðunarstöðvum á landamærum að meta innihaldsefni samsettrar afurðar og matvæla og meta hvort dýraafurðin, sem samsetta afurðin og matvælin innihalda, er nægilega unnin til að ekki sé þörf á heilbrigðiseftirliti með dýraafurðum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.

SN-númer	Skýringar
1)	2)
1704, 180620, 180631, 180632, 18069011, 18069019, 18069031, 18069039, 18069050	Sælgæti (þ.m.t. brjóstsykur) og súkkulaði sem innihalda minna en 50% af unnum mjólkur- og eggjaafurðum og eru meðhöndluð eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar.
190219, 190230, 190240	Pasta og núðlur sem eru ekki blönduð eða fyllt með unnum kjötafurðum; sem innihalda minna en 50% af unnum mjólkur- og eggjaafurðum og eru meðhöndluð eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar.
190510, 190520, 190531, 190532, 190540, 19054010, 19059010, 19059020, 19059030, 19059045, 19059055, 19059060, úr19059090;	Brauð, kökur, kex, vöflur og kexþynnur, tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur; sem innihalda minna en 20% af unnum mjólkur- og eggjaafurðum og eru meðhöndluð eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar. 190590 nær einungis yfir þurrar og stökkar afurðir.
Úr 20019065, úr 20057000 Úr 1604	Ólífur fylltar með minna en 20% af fiski Ólífur fylltar með meira en 20% af fiski
Úr 210410 og úr 210420	Súpukraftar og bragðefni í neytendaumbúðum; sem innihalda minna en 50% af fisklýsi, dufti úr fiski eða útdrátt úr fiski og eru meðhöndluð eins og kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar ákvörðunar.
úr 210610, úr 210690	Fæðubótarefni í neytendaumbúðum, sem innihalda lítið magn (heildarmagn minna en 20%) af unnum dýraafurðum (þ.m.t. glúkósamín, kondróítín og/eða kítósan), öðrum en kjötafurðum.“